

## **Umsögn dómnefndar**

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla  
um umsækjendur um tvö embætti héraðsdómara með starfsstöð  
við Héraðsdóm Reykjaness sem auglýst voru laus til umsóknar í  
Lögbirtingablaði 24. apríl og 29. maí 2020**

**Reykjavík, 20. júlí 2020**

## EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur.....	3
2. Sjóarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar .....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur.....	8
5. Mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna og gagna sem þeim fylgdu.....	15
5.1. Menntun, aðalstörf og helstu aukastörf .....	16
5.2. Mat á hæfni umsækjenda með tilliti til þess hvort þeir komi til greina að teljast hæfastir til þess að hljóta embætti héraðsdómara .....	20
6. Frekara mat á hæfni sjö umsækjenda .....	22
6.1. Menntun og framhaldsmenntun .....	22
6.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður .....	23
6.2. Reynsla af dómstörfum .....	23
6.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður.....	23
6.3. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum.....	24
6.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður .....	25
6.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum .....	26
6.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður.....	27
6.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	28
6.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf .....	28
6.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður.....	29
6.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. ....	29
6.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður.....	30
6.6. Reynsla af stjórnun.....	30
6.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður .....	31
6.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.....	32

6.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi.....	32
6.9. Sérstök starfshæfni .....	33
6.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu .....	33
6.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu .....	34
6.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi .....	35
7. Niðurstaða dómnefndar .....	35

## 1. Umsækjendur

Með bréfum 28. maí og 18. júní 2020 fór dómismálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti héraðsdómara með fasta starfsstöð við Héraðsdóm Reykjaness en sem sinna störfum við alla héraðsdómstóla eftir ákvörðun dómstólasýslunnar. Embættin voru auglýst laus til umsóknar 24. apríl og 29. maí 2020 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættin: Alda Hrönn Jóhannsdóttir yfirlögfræðingur, Auður Björg Jónsdóttir lögmaður, Guðfinnur Stefánsson aðstoðarmaður héraðsdómara, Guðmundína Ragnarsdóttir lögmaður, Halldóra Þorsteinsdóttir lektor, Herdís Hallmarsdóttir lögmaður, Höskuldur Þórhallsson lögmaður, Ingi Tryggvason lögmaður, Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður, Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður héraðsdómara, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir lektor, Sigurður Jónsson lögmaður, Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður héraðsdómara, Súsanna Björg Fróðadóttir aðstoðarsaksóknari og Þórhallur Haukur Þorvaldsson lögmaður. Fyrstnefndi umsækjandinn sótti aðeins um embættið, sem auglýst var 29. maí 2020, en aðrir umsækjendur um bæði embættin. Þeir Guðfinnur og Höskuldur drógu umsóknir sínar til baka 24. júní 2020.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 620/2010 um störf dómnefndar lætur dómismálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómismála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

## 2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga

nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málf lutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórn sýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómn efndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málf lutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi ráðherra dómsmála og mannréttinda setti reglur nr. 620/2010 um störf dómn efndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

*Sjónarmið sem mat dómn efndar skal byggt á.*

Í umsögn dómn efndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómn efnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvændni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómn efndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málf lutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað

skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgerði.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi

hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefnin, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

### 3. Um málsmeðferð dómnefndar

Dómnefndarmönnum Eiríki Tómassyni, sem er formaður nefndarinnar, Kristínu Benediktsdóttur, Óskari Sigurðssyni, Ragnheiði Harðardóttur og Sigríði Þorgeirsdóttur er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra til að koma að máli þessu. Hinn 3. og 18. júní 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Eins og áður segir fór ráðuneyti dómsmála þess á leit við dómnefnd með bréfum 28. maí og 18. júní 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Vegna þess að um var að ræða tvö embætti héraðsdómara með starfsstöð við sama dómstól og umsækjendur voru nokkurn veginn þeir sömu ákvað nefndin að leggja mat á hæfni umsækjendanna í einu lagi án tillits til þess hvort þeir hefðu sótt um bæði embættin eða aðeins annað þeirra. Þar sem svo háttar til reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010 frá 18. júní 2020, þegar síðara bréf ráðuneytisins barst henni, til 30. júlí 2020. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Í framangreindum auglýsingum frá 3. og 29. maí 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í köflum 5.2. og 6.8. hér á eftir.

Með tölvubréfunum 3. og 18. júní 2020 var umsækjendum tilkynnt að sökum þess hve margir þeir væru og í því skyni að hraða störfum dómnefndar hefði nefndin ákveðið að víkja frá þeim starfsháttum sem tíðkast hefðu til þessa. Þannig yrði í fyrstu lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna þeirra og gagna, sem þeim fylgdu, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010. Við þetta frummat, sem fyrst og fremst byggðist á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu umsækjenda, svo og öðrum þeim atriðum sem talin eru upp í 4. gr. reglnanna, yrði einnig litið til upplýsinga um störf og samstarfshæfni þeirra, sem aflagð yrði hjá þeim er umsækjendur hafi tilnefnt í því skyni í umsóknum sínum, sbr. 5. mgr. 5. gr. þeirra. Að því loknu yrði tekin afstaða til þess, með rökstuddu áliti á hæfni hvers umsækjanda, hverjir af þeim kæmu að mati nefndarinnar til greina að verða taldir hæfastir til að hljóta embættin. Yrði öllum umsækjendum tilkynnt þessi afstaða og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum. Þeir einir, sem kæmu samkvæmt framansögðu til greina að verða taldir hæfastir, yrðu síðan boðaðir í viðtal, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 þar sem segir að nefndin geti boðað umsækjendur í viðtal og krafði þá um öll nauðsynleg gögn til viðbótar þeim sem fylgdu umsókn þeirra. Í framhaldi af viðtölunum myndi nefndin skv. 7. gr. reglnanna kynna öllum umsækjendum drög sín að umsögn um hæfni þeirra og gefa þeim sjö daga frest til að koma að sjónarmiðum sínum áður en gengið yrði frá umsögninni í endanlegri mynd skv. 8. gr. þeirra.

Í samræmi við þetta verklag var gert frummat á hæfni allra umsækjenda þar sem niðurstaða dómnefndar varð sú að sjö þeirra kæmu til álita að verða taldir hæfastir úr hópi umsækjenda til að hljóta embætti héraðsdómara, svo sem gerð er grein fyrir í kafla 5. Að því loknu var umsækjendum gefinn kostur á að koma á framfæri



athugasemndum við þetta mat og notfærðu tveir þeirra sér það. Eftir að hafa farið yfir þær athugasemdir taldi nefndin ekki ástæðu til að breyta fyrri niðurstöðu sinni og átti í framhaldinu viðtöl þessa sjö umsækjendur 6. júlí 2020. Að þeim loknum var lagt frekara mat á hæfni þeirra eins og rakið er í kafla 6 og niðurstaðan loks byggð á því mati, sbr. kafla 7.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru öllum umsækjendum síðan send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 10. júlí 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 17. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá fjórum umsækjendum og urðu þær til þess að smávægilegar breytingar voru gerðar á fyrirliggjandi umsögn, en niðurstaða hennar hélst óbreytt.

#### **4. Almennar upplýsingar um umsækjendur**

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

*Alda Hrönn Jóhannsdóttir* er fædd 22. ágúst 1976 og er því 43 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2001. Hún öðlaðist réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi árið 2002. Á árunum 2001-2006 var hún fulltrúi hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, í níu mánuði á árinu 2007 hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og 2007-2014 hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum, þar af var hún sett lögreglustjóri í sex vikur 2011. Hún var settur saksóknari við embætti ríkislögreglustjóra 2010-2011, settur aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 2014-2015 og aðallögfræðingur hjá því embætti 2015-2017. Frá 2017 hefur hún gegnt starfi yfirlögfræðings og aðstoðarsaksóknara hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Hún var stundakennari í refsirétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2018 og 2019 og leiðbeinandi í BA og ML ritgerðum við þá deild. Þá kenndi hún hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar í janúar og febrúar 2020

og sömuleiðis í diplómanámi í fjölskyldumeðferð í janúar 2020. Hún hefur haldið fjölmarga fyrirlestra hér á landi og erlendis. Hún var formaður prófnefndar vigtarmanna á árunum 2009-2014, nefndarmaður í nefnd um samþættingu fjölskyldulífs og atvinnu 2012-2013, nefnd um utanvegaaksturs frá 2009 og fulltrúi í samráðshópi dómsmálaráðherra um aðgerðir gegn mansali og annars konar hagnýtingu frá 2019. Þá hefur hún verið í stjórn Kvennaathvarfsins frá 2019, stjórn Stéttarfélags lögfræðinga frá 2007 þar af sem formaður frá 2008, stjórn BHM 2015-2020 og í stjórn Ákærendafélags Íslands 2009-2010.

*Auður Björg Jónsdóttir* er fædd 25. febrúar 1980 og er því 40 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2005. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2006 og fyrir Hæstarétti 2014. Þá öðlaðist hún réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2015 og fékk leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar árið 2018. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi á lögmannsstofu. Hún hefur starfað sem lögmaður frá árinu 2006 en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá hausti 2015. Hún hefur verið formaður kærunefndar húsamála frá árinu 2013 og setið í mannanafnanefnd frá árinu 2018. Hún hefur kennt leigurétt við lagadeild Háskóla Íslands frá haustinu 2005 og kenndi fjöleignarhúsarétt á haustönn 2017 við sömu deild. Hún hefur ritað tvær fræðigreinar um lögfræði og er önnur þeirra ritrýnd. Á árunum 2010-2014 sat hún í stjórn ALM verðbréfa hf. og frá 2010-2013 í stjórn Félags kvenna í lögmenntu, þar af sem formaður frá 2012. Árið 2018 var hún skipuð í stjórn nefndar um skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga, en engin starfsemi hefur verið á vegum nefndarinnar frá skipun umsækjanda.

*Guðmundína Ragnarsdóttir* er fædd 28. október 1958 og er því 61 árs. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995 og og diplómagráðu í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2000. Þá hefur hún sótt mörg námskeið í lögfræði. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1998 og hefur flutt eitt prófmál til að hljóta réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Þá kveðst hún hafa öðlast réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Að loknu lagaprófi starfaði hún hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga fram til ársins 2000 er hún störf hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi. Árin 2001 og 2002 starfaði hún sem löggiltur fasteignasali. Frá 2002-2005 starfaði hún sem lögmaður og frá 2005-2010 var

hún lögmaður og framkvæmdastjóri Kollektá ehf., en hún var einnig einn af eigendum lögfræðistofunnar. Frá upphafi árs 2011 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður og rekið lögfræðistofu. Hún gegndi starfi varaformanns í stjórn Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli í um átta ár, var formaður kvennanefndar klúbbsins í níu ár og hefur nú verið formaður aganefndar klúbbsins í um áratug. Hún er jafnframt formaður aganefndar Golfsambands Íslands og hefur verið í stefnumótunarnefnd GSÍ.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* er fædd 21. júní 1984 og er því 36 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og meistaraþrófi í lögfræði frá sama skóla 2010. Hún lauk MBA-námi við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands árið 2015. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í lögfræði. Samhliða núverandi störfum sínum leggur hún stund á meistaranám í mannréttindum við Háskólann í Lundúnum. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2011. Að loknu lagaprófi starfaði umsækjandinn fyrst sem fulltrúi og síðar sem lögmaður á lögmannsstofu þar til hún tók við starfi aðstoðarmanns í Hæstarétti í mars 2014. Frá árinu 2017 hefur hún starfað sem lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Á árunum 2015-2017 var hún einnig prófdómari og leiðbeinandi í ritgerðum við sama skóla. Þá hefur hún á árinu 2020 sinnt kennslu í neytenda-, samninga- og kauparétti í diplómanámi í viðskiptafræði og verslunarstjórnun á vegum þess skóla og Háskólans á Bifröst. Hún hefur verið stundakennari í fjölmiðlarétti og almennum viðskipta- og neytendarétti við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2014. Þá hefur hún kennt á löggildingarnámskeiði Iðunnar fræðsluseturs frá árinu 2011. Hún hefur starfað við áfrýjunarnefnd neytendamála frá árinu 2012, fyrst sem ritari og frá árinu 2013 sem nefndarmaður, þar af sem formaður frá árinu 2016. Frá 2017-2019 var hún varaformaður fjölmiðlanefndar. Hún ritaði bókina *Fjölmiðlaréttur* ásamt öðrum. Umsækjandinn hefur ritað tíu ritrýndar greinar um lögfræðileg málefni, þar af þrjár ásamt meðhöfundum, og tvær óritrýndar greinar ásamt meðhöfundum. Auk þess hefur hún verið ritstjóri Tímarits Lögréttu frá árinu 2018. Árið 2020 var hún skipuð annar stjórnarmaður Íslands í COST-vinnuhópi um endurskoðun og tillögur varðandi mannréttindavernd á internetinu. Hún hefur flutt erindi og fyrirlestra um lögfræðileg málefni hérlendis og erlendis.

*Herdís Hallmarsdóttir* er fædd 10. september 1972 og er því 47 ára. Hún lauk embættisþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000. Haustið 2018 hóf hún nám í

Alþjóðlegu stjórnendanámi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og hefur lokið einu ári af tveimur. Hún öðlaðist málflytningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2001 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2008. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofu, en frá árinu 2004 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Á árunum 2009-2016 starfaði umsækjandinn í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. Hún var stundakennari á árinu 2004 í alþjóðlegum einkamálarétti við Háskólann í Reykjavík og aðjúkt frá 2005-2012. Árið 2005 var hún skipuð í nefnd um störf kvenna í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og skilaði nefndin skýrslu árið 2007. Þá sat hún í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2017-2018. Hún var einn af lögmonnum Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar á árunum 2001-2006, formaður siðanefndar Hundaræktarfélags Íslands 2008-2012 og í stjórn félagsins frá 2012, þar af sem formaður frá árinu 2014.

*Ingi Tryggvason* er fæddur 19. febrúar 1962 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1989. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1991 og sem hæstaréttarlögmaður 2013. Þá öðlaðist hann löggildingu til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali í janúar 1999. Hann hefur sótt nokkur námskeið í lögfræði. Að loknu lagaprófi starfaði umsækjandinn sem deildarlögfræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík til apríl 1993, lengst af við ávana- og fíkniefnadeild. Þá tók hann við starfi aðalfulltrúa og staðgengils sýslumanns hjá sýslumanninum í Borgarnesi. Frá ársbyrjun 1994 til ársloka 1998 starfaði hann sem fulltrúi við Héraðsdóm Vesturlands. Á þeim tíma var hann jafnframt settur héraðsdómari til að fara með einstök mál og settur héraðsdómari tímabundið við sama dómstól oftast en einu sinni, svo og við Héraðsdóm Austurlands. Hann hefur rekið eigin lögmannsstofu og fasteignasölu frá 1999. Umsækjandinn hefur verið meðdómsmaður í nokkrum fjölda mála og verið skipaður matsmaður í mörgum málum. Hann sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 1990-1993 og var formaður rannsóknarnefndar sjóslysa 2000-2013. Frá þeim tíma hefur hann setið í rannsóknarnefnd samgönguslysa og er nú varaformaður nefndarinnar. Hann hefur þrisvar verið skipaður í nefnd samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998 um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga og jafnoft skipaður formaður landskiptanefndar samkvæmt 4. gr. landskiptalaga nr. 46/1941. Hann hefur verið formaður yfirkjörstjórnar í

Norðvesturkjördæmi frá 2017. Frá árinu 2014 hefur hann setið í úrskurðarnefnd um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána, sbr. lög nr. 35/2014. Hann var formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Mýrasýslu í um tíu ár og jafn lengi í stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, en þar var hann formaður síðustu árin. Þá hefur hann setið í stjórn Lionsklúbbs Borgarness, m.a. sem formaður.

*Ingólfur Vignir Guðmundsson* er fæddur 14. september 1961 og er því 58 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2013 og ML prófi frá sama skóla árið 2015. Árið 1986 lauk hann kandidatsprófi í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2016 og löggildingu í verðbréfavíðskiptum árið 1998. Frá janúar 2016 hefur umsækjandinn starfað sem löglærður fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofu. Umsækjandinn hefur verið stundakennari við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands frá árinu 2016 og kennt þar almenna viðskiptalögfræði og þætti í fjármálagfræði. Á árunum 2002-2007 var hann aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Kópavogs og framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Byrs sparisjóðs frá lokum árs 2007 fram í ársbyrjun 2009. Þá hefur hann setið í stjórnnum fyrirtækja, nú síðast í stjórn Íslenskra verðbréfa frá 2018-2020.

*Ólafur Egill Jónsson* er fæddur 17. ágúst 1988 og er því 31 árs. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og Mag.jur.-prófið árið 2012. Hann hefur sótt námskeið í lögfræði. Að loknu lagaprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur raforku og auðlindamála hjá Orkustofnun. Árið 2013 hóf hann störf sem lögfræðingur hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og starfaði þar fram til ársins 2018 er hann hóf störf sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness. Frá árinu 2014 hefur hann verið stundakennari í refsirétti við lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur ritað eina ritrýnda grein um lögfræði og tekið þátt í ritun greinargerðar um lögfræðileg málefni vegna sæstrengs til Evrópu. Á árunum 2015-2018 var hann ritari og varaformaður stéttarfélags starfsmanna stjórnarráðsins. Á meðan hann starfaði í ráðuneytinu var hann formaður í tveimur starfshópum sem skiluðu af sér drögum að lagafrumvörpum til ráðherra.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* er fædd 3. maí árið 1968 og er því 52 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992 og lauk LL.M.-prófi frá Edinborgarháskóla í þjóðarétti og mannréttindum árið 1995. Hún öðlaðist

réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2013 og löggildingu í verðbréfavíðskiptum árið 2018. Hún starfaði sem yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu 1995-1998. Þá starfaði hún í utanríkisráðuneytinu á skrifstofu Þjóðréttarfræðings og viðskipta-skrifstofu 1998-2013, þar af í sendiráði Íslands í Brussel 2004-2009, og stýrði umhverfis- og auðlindamálum í ráðuneytinu frá 2009-2013. Hún var í samninganefnd Íslands vegna aðildarviðræðna við ESB 2009-2013 og var þar formaður samningahóps um byggðamál. Árin 2013-2014 annaðist hún stundakennslu við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands, m.a. í evrópskum umhverfisrétti. Frá árinu 2014 hefur hún gegnt stöðu lektors við Háskólann á Akureyri þar sem hún kennir m.a. einkamálaréttarfar, Evrópurétt, þjóðarétt, alþjóðlegan einkamálarétt og lögskýringar. Frá 2017-2019 annaðist hún stundakennslu við lagadeild Háskólans á Bifröst auk þess að vera prófdómari. Frá árinu 2013 hefur hún starfað sem lögmaður. Hún hefur ritað sex fræðigreinar um lögfræði, þar af eru þrjár ritrýndar. Þá hefur hún tekið þátt í ritun greinargerðar um lögfræðileg málefni vegna sæstrengs til Evrópu, haft umsjón með útgáfu og þýðingu Genfarsamninganna, sem fjalla um meðferð fólks á stríðstímum, á íslensku ásamt tveimur öðrum og handbók Stjórnarráðsins um EES. Einnig hefur hún flutt erindi um lögfræðileg málefni. Á meðan hún starfaði í umhverfisráðuneytinu tók hún m.a. þátt í að semja lagafrumvörp og reglugerðir og að auki kom hún að því að semja frumvarp til laga um lýðskóla sem varð að lögum 2019. Þá sat hún í ýmsum samninganefndum og sendinefndum á meðan hún starfaði í utanríkisráðuneytinu. Hún sat í stjórn Trygginga-miðstöðvarinnar frá 2015-2020, í úrskurðarnefnd um ólögmetan sjávarafla frá árinu 2015 og formaður úrskurðarnefndar raforkumála frá 2018. Hún hefur frá árinu 2013 verið í stjórn Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar í Hörpu og formaður stjórnar bókaútgáfunnar Bjarts og Veraldar.

*Sigurður Jónsson* er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 64 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1983. Hann hefur sótt mörg námskeið í lögfræði. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1997. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi árið 1991. Hann hefur sótt mörg námskeið í lögfræði. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum og sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu. Á árinu

1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og árin 1988-1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Frá 1989-1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá 2002-2007 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum. Frá 2007-2012 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu á Selfossi en stofnaði síðan lögmannsstofu í Kópavogi ásamt öðrum. Hann var formaður yfirúttektarnefndar Árnassýslu árin 1986-1993 og sat í mörgum nefndum á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989-1991. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala árin 2003-2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. árin 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi árin 2005-2010 og hefur verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá árinu 2009. Hann hefur alloft verið dómkvaddur sem matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og gera arðskrár vegna veiði.

*Sólveig Ingadóttir* er fædd 16. október 1984 og er því 35 ára. Hún lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og Mag.jur.-prófi frá sama skóla árið 2010. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2011 og réttindi til að starfa sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2015. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið í lögfræði. Frá því að hún lauk lagaprófi hefur hún starfað sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands. Árið 2014 kenndi hún á námskeiði Vísdoms um meðferð sakamála. Hún sat í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara frá 2011-2015 og árin 2017 og 2018, ýmist sem formaður eða varaformaður.

*Súsanna Björg Fróðadóttir* er fædd 25. desember 1971 og er því 48 ára. Hún lauk BA-prófi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2008 og ML-prófi 2011. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður á árinu 2012. Árið 2018 lauk hún eins árs námskeiði um stjórnun lögreglurannsókna hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofu. Þá var hún sjálfstætt starfandi lögmaður á árunum 2013-2014. Frá árinu 2014 hefur hún starfað sem aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* er fæddur 7. október 1970 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands haustið 1999. Hann lagði stund á réttarsálfræði,

útlendingarétt, Evrópurétt og sakamálaréttarfar við lagadeild Háskólans í Árósum frá september 2005 til ágúst 2006, en lauk ekki prófum. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður á árinu 2004 og sem hæstaréttarlögmaður 2013. Þá hefur hann sótt ýmis námskeið í lögfræði. Að loknu lagaprófi starfaði hann sem löglærður fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi til júní 2002 er hann tók við starfi fulltrúa sýslumannsins á Hvolsvelli. Á báðum þessum stöðum var hann staðgengill sýslumanns. Hann var jafnframt settur sýslumaður á Sauðárkróki og á Siglufirði frá 17. til 21. október 2001, á Blönduósi frá 21. janúar til 15. mars 2002 og í Vík í Mýrdal frá 13. júní til 8. júlí 2005. Á árinu 2006 hóf hann störf sem lögmaður á lögmannsstofu en frá 2010 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann átti sæti í almannavarnanefnd Húnavatnssýslna árin 1999-2002 og í almannavarnanefnd Rangárvallarsýslu árin 2002-2005. Hann hefur tvisvar verið skipaður í nefnd samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998 um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga Hann hefur þrisvar verið skipaður í nefnd samkvæmt 93. gr. laga nr. 5/1998 um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga. Þá var hann skipaður formaður landskiptanefndar samkvæmt 4. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 haustið 2018. Frá árinu 2012 hefur umsækjandinn kennt á námskeiðum Lögmannafélags Íslands fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt en kennslan hefur lotið að aðfarargerðum. Umsækjandinn er leiðbeinandi við ritun meistararitgerðar við lagadeild Háskólans í Reykjavík á sviði refsiréttar. Hann var varaformaður knattspyrnudeildar UMF Hvatar 2001 og 2002, sat í stjórn Knattspyrnufélags Rangæinga árin 2004 og 2005, var varaformaður aðalstjórnar knattspyrnufélagsins Þróttar í Reykjavík 2009-2011, meðstjórnandi sama félags árin 2013-2015, auk þess sem hann átti sæti í laganefnd félagsins árin 2015-2017.

#### **5. Mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna og gagna sem þeim fylgdu**

Hér á eftir verður í fyrsta lagi greint stuttlega frá menntun umsækjenda, aðalstörfum þeirra að loknu lagaprófi og helstu aukastörfum, sem nýtast dómara í starfi, þ. á m. fræðistörfum, sbr. 1. og 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010. Í öðru lagi verður lagt mat á það, á grundvelli þessara atriða, hverjir af umsækjendunum komi til greina að áliti dómnefndar að verða taldir hæfastir til að hljóta embætti héraðsdómara í samanburði við aðra þá sem um hafa sótt.



### 5.1. Menntun, aðalstörf og helstu aukastörf

**Alda Hrönn Jóhannsdóttir** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2001. Á árunum 2001-2006 var hún fulltrúi hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, í níu mánuði 2007 hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og 2007-2014 hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum, þar af var hún sett lögreglustjóri í sex vikur 2011. Frá því í byrjun árs 2009 var hún jafnframt staðgengill lögreglustjóra. Í eitt ár, 2010-2011, var hún settur saksóknari hjá embætti ríkislögreglustjóra. Hún var settur aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í eitt ár, 2014-2015, og aðallögfræðingur hjá því embætti 2015-2017. Frá 2017 hefur hún gegnt starfi yfirlögfræðings og aðstoðarsaksóknara hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum og jafnframt verið staðgengill hans. Hún kenndi refsirétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2018 og 2019 og hefur verið leiðbeinandi í BA og ML ritgerðum við þá deild.

**Auður Björg Jónsdóttir** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2005. Hún var árin 2005-2006 fulltrúi á lögmannsstofu, en hefur frá þeim tíma starfað sem lögmaður, þar af hefur hún frá 2015 verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2014. Hún hefur verið formaður kærunefndar húsamála frá árinu 2013 og setið í mannanafnanefnd frá 2018. Þá hefur hún kennt við lagadeild Háskóla Íslands frá 2015. Hún hefur að auki ritað tvær fræðigreinar um lögfræðileg efni.

**Guðmundína Ragnarsdóttir** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1995 og síðan diplómanámi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntun sama skóla árið 2000. Árin 1995-2000 starfaði hún hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2000-2001 hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi og 2001-2002 sem löggiltur fasteignasali. Hún hefur starfað sem lögmaður frá árinu 2002, en verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2005. Hún hefur ekki fengist við aukastörf, hvort sem er innan stjórnsýslunnar eða á öðrum vettvangi, sem máli skipta við mat á hæfni hennar sem héraðsdómara.

**Halldóra Þorsteinsdóttir** lauk meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010 og síðan MBA-námi við viðskiptafræðideild sama skóla 2015. Árin 2010-2011 starfaði hún sem fulltrúi á lögmannsstofu og 2011-2013 sem lögmaður á sömu stofu.

Hún var aðstoðarmaður hæstaréttardómara 2014-2017 og frá árinu 2017 hefur hún verið lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig hefur hún frá 2014 annast kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Hún var ritari áfrýjunarnefndar neytendamála 2012-2013 og hefur átt sæti í nefndinni frá 2013, þar af sem formaður hennar frá 2016. Hún var varaformaður fjölmiðlanefndar 2017-2019. Þá hefur hún samið bók um fjölmiðlarétt ásamt öðrum og ritað alls 12 fræðigreinar um lögfræði, ýmist ein eða með öðrum, þar af eru tíu ritrýndar. Samhliða núverandi störfum sínum leggur hún stund á meistaranám í mannréttindum við Háskólann í Lundúnum.

**Herdís Hallmarsdóttir** lauk embættisprófi í lögfræði í febrúar 2000. Hún hefur frá 2018 stundað alþjóðlegt stjórnendanám við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og lokið einu ári af tveimur. Árin 2000-2001 starfaði hún sem fulltrúi og 2001-2004 sem lögmaður á lögmannsstofu. Hún hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá árinu 2004 og 2009 tók hún sæti í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. þar sem hún starfaði til 2016. Á árabílinu 2016-2019 var hún ráðgjafi bankans og flutti m.a. dómsmál fyrir hann. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2008. Auk þessa annaðist hún kennslu 2005-2012 í alþjóðlegum einkamálarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Árin 2017-2018 átti hún sæti í yfirkjörstjórn. Þá hefur hún sem lögmaður tekið þátt í starfi Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

**Ingi Tryggvason** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1989. Að loknu lagaprófi og til ársins 1993 starfaði hann sem deildarlögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Árið 1993 tók hann við starfi aðalfulltrúa hjá sýslumanninum í Borgarnesi og var fulltrúi héraðsdómara 1994-1998. Á því tímabili var hann settur héraðsdómari samtals í rúma tvo mánuði og auk þess settur til að dæma einstök mál. Frá ársbyrjun 1999 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2013. Samhliða lögmannsstörfum hefur hann verið meðdómandi í héraði í nokkrum fjölda mála. Hann átti sæti í barnaverndarnefnd 1990-1993, var formaður rannsóknarnefndar sjóslýsa 2000-2013 og eftir það setið í rannsóknarnefnd samgönguslysa, nú síðast sem varaformaður hennar. Frá 2014 hefur hann setið í úrskurðarnefnd um leiðréttingu verðtryggaðra fasteignalána. Hann hefur þrisvar átt sæti í nefnd til að úrskurða um gildi

sveitarstjórnarkosninga og jafnoft gegnt formennsku í landskiptanefnd. Þá hefur hann verið formaður yfirkjörstjórnar frá 2017.

**Ingólfur Vignir Guðmundsson** lauk meistaraþrófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2015. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu 2015-2016 og frá árinu 2016 sem lögmaður á sömu stofu. Fyrir lagánám hafði hann lokið prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986 og hlotið löggildingu í verðbréfavíðskiptum 1998. Hann hefur annast kennslu í lögfræði í viðskiptadeild Háskóla Íslands frá 2016.

**Ólafur Egill Jónsson** lauk meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2012. Frá lagaprófi starfaði hann sem lögfræðingur hjá Orkustofnun 2012-2013 og síðan í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 2013-2018. Frá árinu 2018 hefur hann verið aðstoðarmaður héraðsdómara. Hann hefur kennt refsirétt við lagadeild Háskóla Íslands frá 2014 og ritað eina ritrýnda fræðigrein um lögfræði. Á meðan hann starfaði í ráðuneytinu var hann formaður í tveimur starfshópum sem skiluðu af sér drögum að lagafrumvörpum til ráðherra.

**Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992 og síðan meistaraþrófi í þjóðarétti og mannréttindum við Edinborgarháskóla 1995. Hún var yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu 1995-1998 og starfaði í utanríkisráðuneytinu 1998-2013. Þar vann hún m.a. í sendiráði Íslands í Brussel um fimm ára skeið og átti sæti í samninganefnd Íslands vegna samninga-viðræðna við Evrópusambandið 2009-2013 auk þess sem hún stýrði á sama tíma umhverfis- og auðlindamálum í ráðuneytinu. Frá árinu 2013 hefur hún starfað sem lögmaður, en fengist tiltölulega lítið við málflutning fyrir dómi. Frá 2014 hefur hún verið lektor við lagadeild Háskólans á Akureyri, en hafði áður kennt við deildina um eins árs skeið. Einnig sinnti hún kennslu við Háskóla Íslands 2013-2014 og Háskólann á Bifröst 2017-2019. Hún hefur átt sæti í úrskurðarnefnd um ólögmaetan sjávarafla frá árinu 2015 og verið formaður úrskurðarnefndar raforkumála frá 2018. Þá hefur hún ritað sex fræðigreinar um lögfræði, þar af eru þrjár ritrýndar. Á meðan hún starfaði í umhverfisráðuneytinu tók hún m.a. þátt í að semja lagafrumvörp og reglugerðir og að auki kom hún að því að semja frumvarp til laga um lýðskóla sem varð að lögum 2019. Þá sat hún í ýmsum samninganefndum og sendinefndum á meðan hún starfaði í utanríkisráðuneytinu.

**Sigurður Jónsson** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1983. Hann starfaði sem fulltrúi bæjarfógetans og sýslumannsins á Akureyri á árunum 1983-1986, þar sem hann dæmði fjölda sakamála, og síðan sýslumannsins á Selfossi 1986-1989. Hann var aðstoðarmaður dómsmálaráðherra 1989-1991. Frá árinu 1991 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 1997. Á árabílinu 1986-1993 var hann formaður yfirúttektarnefndar Árnessýslu.

**Sólveig Ingadóttir** lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2010. Að loknu lagaprófi hefur hún verið aðstoðarmaður héraðsdómara. Hún sat um nokkurra ára skeið í stjórn félags löglærðra aðstoðarmanna, ýmist sem formaður eða varaformaður. Þá annaðist hún kennslu í sakamálaréttarfari 2014 á námskeiði á vegum dómstólaráðs.

**Súsanna Björg Fróðadóttir** lauk meistaraprófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu á árunum 2011-2012 og sem lögmaður á sömu stofu 2012-2013. Árin 2013-2014 var hún sjálfstætt starfandi lögmaður. Frá 2014 hefur hún starfað sem aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Hún hefur ekki fengist við aukastörf sem máli skipta við mat á hæfni hennar sem héraðsdómara.

**Þórhallur Haukur Þorvaldsson** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 1999 og lagði stund á nám í réttarsálfræði, útlendingarétt, Evrópurétt og sakamálaréttarfar við Árósaháskóla 2005-2006, en lauk ekki prófi. Hann starfaði sem fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi árin 1999-2002 og sýslumannsins á Hvolsvelli 2002-2006 þar sem hann flutti fjölda mála sem ákærandi í sakamálum. Hann var jafnframt á þessum árum settur sýslumaður um skamman tíma á þremur stöðum. Á árabílinu 2006-2010 var hann lögmaður á lögmannsstofu, en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2010. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2013. Hann átti sæti í almannavarnanefnd Húnavatnssýslna 1999-2002 og almanna- varnanefnd Rangárvallasýslu 2002-2005. Einnig í nefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í tveimur sveitarfélögum 2010 og 2014. Frá árinu 2018 hefur hann verið formaður landskiptanefndar á Suðurlandi. Þá hefur hann frá 2012 kennt

meginreglur aðfarargerða á námskeiðum fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt.

*5.2. Mat á hæfni umsækjenda með tilliti til þess hvort þeir komi til greina að teljast hæfastir til þess að hljóta embætti héraðsdómara*

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embætti dómara. Við mat á hæfni þeirra, sem sækja um hverju sinni, þarf nefndin því að bera saman starfsferil umsækjenda og annað, sem þeir hafa látið frá sér fara eða fengist við og að gagni getur komið í störfum dómara, sbr. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér að hæfni hvers umsækjanda til að gegna slíku embætti er vegin og metin í samanburði við hæfni annarra sem um embættið sækja. Þar skiptir m.a. máli hversu fjölbreytt starfsreynsla þeirra er og hve lengi þeir hafa fengist við störf, sem lagaþekkingu þarf til, þar sem reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi vegur tiltölulega þyngra en þau ár sem á eftir fylgja.

Eins og áður greinir hefur lögfræðileg þekking umsækjenda, ein og sér, ekki afgerandi áhrif við mat á hæfni þeirra, heldur er nauðsynlegt, eftir því sem kostur er, að meta færni þeirra til að nýta þá þekkingu við úrlausn mála fyrir dómi. Það er hins vegar erfiðleikum bundið nema fyrir liggja dómsúrlausnir eða stjórnsýsluúrskurðir, sem umsækjendur hafa samið drög að og þar sem reynt hefur á kunnáttu til að leysa úr ágreiningsmálum, ellegar stefnur, greinargerðir eða önnur sambærileg framlög þar sem þeir hafa þurft að greina slík viðfangsefni og færa eftir atvikum viðhlítandi rök að tiltekinni niðurstöðu. Meðal annars af þeim sökum hlýtur reynsla umsækjenda af þessum toga að vega þyngra við mat á hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara en önnur starfsreynsla, hvort sem er hjá dómstólum, innan stjórnsýslunnar eða á öðrum vettvangi, þ.m.t. reynsla af stjórnun og stefnumótun.

Af umsögnum þeirra, sem umsækjendur vísuðu til í umsóknum sínum og voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð, verður ráðið að þeir uppfylli allir þær lágmarkskröfur sem gera verður til héraðsdómara skv. 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þau sjónarmið, sem reifuð hafa verið að framan, hafa síðan verið lögð til grundvallar við mat á því hverjir úr hópi umsækjenda um héraðsdómaraembættin tvö

komi til greina, að álitni dómnefndar, að verða taldir meðal þeirra hæfustu, hvort sem er tveir eða fleiri.

Með skírskotun til þessara sjónarmiða og upplýsinga, sem fram koma um hvern og einn umsækjanda í kafla 5.1., er það niðurstaða dómnefndar að *Auður Björg Jónsdóttir, Halldóra Þorsteinsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Ingi Tryggvason, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, Sigurður Jónsson og Þórhallur Haukur Þorvaldsson* komi öll til greina að verða metin hæfust umsækjenda samkvæmt því sem áður segir. Nánar tiltekið eiga þau Auður Björg, Herdís, Ingi, Sigurður og Þórhallur Haukur að baki langan lögmannsferil og hafa öll öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Sem lögmenn hafa þau, hvert um sig, flutt fjölda mála og komið að einkamálum jafnt sem sakamálum. Að auki hafa þau fengist við önnur störf sem myndu nýtast í starfi héraðsdómara. Þær Halldóra og Ragnheiður Elfa, sem eru lektorar í lögfræði við héraðsháskóla, hafa sinnt fræðistörfum í umtalsverðum mæli, auk þess sem þær hafa báðar setið í úrskurðarnefndum innan stjórnarsýslunnar og gegna, hvor um sig, formennsku í einni slíkri nefnd. Fyrir utan það hafa þær fengist við önnur störf sem myndu nýtast vel í starfi héraðsdómara.

Að álitni dómnefndar standa aðrir umsækjendur þessum sjö ótvírætt að baki að því er varðar hæfni til að gegna embætti héraðsdómara. *Ólafur Egill Jónsson og Sólveig Ingadóttir* eiga það sameiginlegt að gegna störfum aðstoðarmanna héraðsdómara. Hefur Sólveig sinnt þeim störfum um langt árabíl, en Ólafur Egill mun skemur. Þar sem aðstoðarmenn fást ekki við að leysa úr ágreiningsmálum fyrir dómi á eigin ábyrgð verður reynsla þeirra ekki jafnað til reynslu af því að sinna störfum sem sjálfstætt starfandi lögmaður, einkum málflutningi fyrir dómi, eða gegna formennsku í úrskurðarnefnd innan stjórnarsýslunnar og semja drög að úrskurðum hennar, svo að tvö dæmi séu nefnd. Þótt Ólafur Egill hafi starfað í ráðuneyti um nokkurra ára skeið kemur hann, þegar á heildina er litið, ekki til greina að verða talinn meðal hæfustu umsækjendanna. Þrátt fyrir að *Guðmundína Ragnarsdóttir* eigi að baki langan lögmannsferil hefur hún ekki öðlast réttindi til að flytja mál fyrir æðra dómi, auk þess sem hún hefur ekki fengist við aukastörf sem máli skipta við mat á hæfni hennar sem héraðsdómara. *Ingólfur Vignir Guðmundsson* hefur starfað sem lögmaður í mun skemmri tíma en Guðmundína. Þótt hann hafi sinnt störfum, sem myndu gagnast í

dómstörfum, kemur hann ekki fremur en hún til greina að verða álitin í hópi hæfustu umsækjendanna. *Alda Hrönn Jóhannsdóttir* og *Súsanna Björg Fróðadóttir* eiga það sammerkt að hafa gegnt störfum innan lögreglunnar stærstan hluta af starfsferli sínum að loknu lagaprófi og því fyrst og fremst fengist við sakamál, þ. á m. flutt slík mál fyrir héraðsdómi. Vegna þess hve einsleit þau störf eru í samanburði við viðfangsefnin, sem aðrir umsækjendur hafa sinnt, gegnir sama máli um þær og þau Guðmundínu og Ingólf Vigni, enda þótt Alda Hrönn eigi tvímælalaust að baki viðameiri starfsreynslu til undirbúnings starfi héraðsdómara en hin þrjú.

## 6. Frekara mat á hæfni sjö umsækjenda

### 6.1. Menntun og framhaldsmenntun

*Auður Björg Jónsdóttir* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2005. Þá fékk hún leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar 2018.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* lauk meistaraþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2010. Hún lauk MBA-námi við viðskiptafræðideild sama skóla 2015. Samhliða núverandi störfum sínum leggur hún stund á meistaranám í mannréttindum við Háskólann í Lundúnum.

*Herdís Hallmarsdóttir* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2000. Haustið 2018 hóf hún nám í alþjóðlegu stjórnendanámi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og hefur lokið einu ári af tveimur.

*Ingi Tryggvason* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1989.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992 og LLM-prófi frá Edinborgarháskóla í þjóðarétti og mannréttindum 1995. Hún öðlaðist löggildingu í verðbréfavíðskiptum 2018.

*Sigurður Jónsson* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1983.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1999. Hann lagði stund á réttarsálfræði, útlendingarétt, Evrópurétt og sakamálaréttarfar við lagadeild Háskólans í Árósum 2005-2006, án próftöku.

### 6.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Ragnheiður Elfa* standi fremst umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en hún hefur lokið meistara-prófi í lögum að loknu embættisprófi. Næst henni kemur *Halldóra* sem lokið hefur MBA-námi að loknu meistara-prófi í lögum. Þar á eftir *Þórhallur Haukur*, sem stundað hefur nám í lögfræði erlendis um eins eins árs skeið án próftöku, síðan *Herdís* og þá *Auður Björg*. Loks koma *Ingi* og *Sigurður*, sem ekki hafa lagt stund á framhaldsnám eða sótt sérstakt réttindanámskeið, en setið eins og aðrir umsækjendur ýmis önnur námskeið að loknu embættis- eða meistara-prófi í lögum.

### 6.2. Reynsla af dómstörfum

*Auður Björg Jónsdóttir* hefur ekki reynslu af dómstörfum.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt í um þrjú og hálf ár 2014-2017.

*Herdís Hallmarsdóttir* hefur ekki reynslu af dómstörfum.

*Ingi Tryggvason* starfaði sem fulltrúi við Héraðsdóm Vesturlands frá ársbyrjun 1994 til ársloka 1998. Á þeim tíma var hann jafnframt settur héraðsdómari tímabundið við sama dómstól oftast en einu sinni, svo og við Héraðsdóm Austurlands, auk þess sem hann var settur héraðsdómari til að fara með einstök mál. Hann hefur verið meðdómsmaður nokkrum sinnum og dómkvaddur matsmaður í fjölda mála.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* hefur ekki reynslu af dómstörfum.

*Sigurður Jónsson* starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum og sýslumanninum á Akureyri 1983-1986 og hefur margoft verið dómkvaddur sem matsmaður.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* hefur ekki reynslu af dómstörfum.

### 6.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa þrír umsækjendur einhverja reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma eins þeirra sem setts dómara þar sem hann leysti úr málum á eigin ábyrgð. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem fulltrúa eða



aðstoðarmanna dómara þótt þau störf hafi minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Þá kemur reynsla umsækjenda af því að hafa verið dómkvaddir matsmenn til álita hér, enda þótt henni verði á engan hátt jafnað til reynslu af því að hafa fengist við dómstörf.

Af því, sem áður segir, er ljóst að *Ingi* stendur fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann er sá eini þeirra sem hefur verið settur héraðsdómari, auk þess sem hann starfaði um árabíl sem fulltrúi við héraðsdómstól. Næstur honum kemur *Halldóra*, sem var aðstoðarmaður dómara við æðsta dómstól landsins í um þrjú og hálf ár, og síðan *Sigurður* sem var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns í um þrjú ár fyrir meira en 30 árum og fékkst þar m.a. við að dæma sakamál. Eins og áður greinir hafa þau *Auður Björg*, *Herdís*, *Ragnheiður Elfa* og *Þórhallur Haukur* ekki reynslu af dómstörfum.

### 6.3. Reynsla af lögmanns- og málflytningsstörfum

*Auður Björg Jónsdóttir* öðlaðist réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi 2006 og fyrir Hæstarétti 2014. Að loknu laganámi 2005 starfaði hún sem fulltrúi á lögmannsstofu. Hún hefur starfað sem lögmaður frá árinu 2006 og verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2015. Hún hefur bæði reynslu af því að flytja einkamál og sakamál fyrir dómi.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* öðlaðist réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi 2011. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannstofu að loknu laganámi 2010 og síðar sem lögmaður til ársins 2014.

*Herdís Hallmarsdóttir* öðlaðist réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi 2001 og fyrir Hæstarétti 2008. Að loknu lagaprófi 2000 starfaði hún fyrst sem fulltrúi á lögmannsstofu, síðan lögmaður 2001-2004, en upp frá því hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hún átti sæti í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. 2009-2016.

*Ingi Tryggvason* öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1991 og sem hæstaréttarlögmaður 2013. Hann starfaði við embætti lögreglustjórans í Reykjavík 1989-1993, lengst af við ávana- og fíkniefnadeild þar sem hann sinnti m.a. sækjendastörfum. Frá árinu 1999 hefur hann rekið eigin lögmannsstofu og jöfnum höndum flutt einkamál og sakamál fyrir dómi.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2013 og hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá þeim tíma, lengst af samhliða starfi sem lektor. Af þeim sökum hefur hún sinnt málflutningi í takmörkuðum mæli, en fengist bæði við einkamál og sakamál.

*Sigurður Jónsson* öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1989 og sem hæstaréttarlögmaður 1997. Hann hefur rekið eigin lögmannsstofu frá 1991 og flutt jöfnum höndum einkamál og sakamál fyrir dómi.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2004 og sem hæstaréttarlögmaður 2013. Hann starfaði sem löglerður fulltrúi sýslumanns 1999-2006 þar sem hann var m.a. sækjandi í sakamálum. Frá þeim tíma starfaði hann sem lögmaður á lögmannstofu til ársins 2010, en eftir það hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann hefur flutt jafnt einkamál sem sakamál fyrir dómi.

#### 6.3.1. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður*

Allir umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er einkum litið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem lögmennt, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þeir fengu lögmannsréttindi og störfum þeirra sem fulltrúa lögreglustjóra, þ. á m. sýslumanna, sem voru að hluta fólgin í flutningi minni háttar sakamála, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Þá er tekið mið af því ef umsækjendur sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum, en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats, svo sem viðamikil stjórnarsýslustörf og kennsla.

Samkvæmt framansögðu stendur *Sigurður* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en hann hefur starfað óslitið við lögmannsstörf í um 29 ár. Næstur honum kemur *Ingi*, þá *Herdís* og *Þórhallur Haukur* jafnt sett og þar næst *Auður Björg*, en öll eiga þau að baki langa og fjölbreytta lögmannsreynslu þótt mismikil sé. Reynsla *Ragnheiðar Elfu* af lögmannsstörfum er takmörkuð í samanburði við þau, sem að framan greinir, og reynsla *Halldóru* á þessu sviði sýnu minnst.

#### 6.4. *Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

*Auður Björg Jónsdóttir* hefur verið formaður kærunefndar húsamála frá 2013. Þá hefur hún setið í mannanafnanefnd frá árinu 2018.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* hefur starfað hjá áfrýjunarnefnd neytendamála frá 2012, fyrst sem ritari og svo sem aðalmaður frá hausti 2013, þar af sem formaður nefndarinnar frá 2016. Á árunum 2017-2019 var hún auk þess varaformaður fjölmiðlanefndar.

*Herdís Hallmarsdóttir* átti sæti í yfirkjörstjórn 2017-2018. Einnig sat hún í nefnd um störf kvenna í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og skilaði nefndin skýrslu árið 2007.

*Ingi Tryggvason* starfaði sem aðalfulltrúi sýslumanns og staðgengill hans í um sjö mánuði á árinu 1993. Hann sat í barnaverndarnefnd 1990-1993 og var formaður rannsóknarnefndar sjóslysa 2000-2013. Frá þeim tíma hefur hann setið í rannsóknarnefnd samgönguslysa og er nú varaformaður nefndarinnar. Hann hefur þrisvar verið skipaður í nefnd til að skera úr um gildi sveitarstjórnarkosninga og jafnoft formaður landskiptanefndar. Þá hefur hann verið formaður yfirkjörstjórnar frá 2017 og átt sæti í úrskurðarnefnd um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána frá 2014.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* starfaði sem yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu á árunum 1995-1998 og kom að fjölda stjórnsýsluúrskurða í því starfi. Þá starfaði hún hjá utanríkisráðuneytinu 1998-2013, þar af í sendiráði 2004-2009, en upp frá því stýrði hún umhverfis- og auðlindarmálum í ráðuneytinu. Þá hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar raforkumála frá 2018 og setið í úrskurðarnefnd um ólögmetan sjávarafra frá 2015.

*Sigurður Jónsson* var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns 1983-1986 og síðan sýslumannsfulltrúi 1986-1987. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987. Þá var hann aðstoðarmaður dómsmálaráðherra 1989-1991 og sat í ýmsum nefndum á vegum Stjórnarráðsins í tengslum við það starf. Hann var formaður yfirúttektarnefndar 1986-1993.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* starfaði sem fulltrúi sýslumanns og staðgengill hans á árunum 1999-2006. Hann var jafnframt settur sýslumaður í skamman tíma á árunum 2001, 2002 og 2005, samtals í um þrjú mánuði. Hann átti sæti í almannavarnanefndum 1999-2002 og 2002-2005. Þá hefur hann tvisvar verið skipaður í nefnd til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga og í eitt skipti formaður landskiptanefndar.

#### 6.4.1. *Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Í mörgum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni vegna stjórnsýslureynslu. Þó skiptir máli hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010, svo sem seta í úrskurðarnefndum er halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma, en einnig þess hversu langt er síðan störfín voru innt af hendi.

Að þessu öllu virtu stendur *Ragnheiður Elfa* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Skiptir þar mestu máli að hún hefur fengist við fjölbreytt störf í ráðuneytum í samtals um 18 ár, enda þótt hún hafi lítið komið að því að kveða upp úrskurði í stjórnsýslumálum á þeim tíma sem hún starfaði hjá utanríkisráðuneytinu. Að auki hefur hún setið í tveimur úrskurðarnefndum innan stjórnsýslunnar, þar af verið formaður annarrar þeirra um tveggja ára skeið. Næstur henni kemur *Ingi*, sem komið hefur að margvíslegum stjórnsýslustörfum, þ. á m. átt um langt árabil sæti í úrskurðarnefnd og öðrum nefndum innan stjórnsýslunnar sem m.a. hafa fengist við rannsókn á samgönguslysum. Þar á eftir fylgja *Auður Björg* og *Halldóra* og er ekki gert upp á milli þeirra tveggja. Á eftir þeim kemur *Þórhallur Haukur*, síðan *Sigurður* og loks *Herdís*, en stjórnsýslureynsla hennar er nánast engin í samanburði við aðra umsækjendur.

6.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

6.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

*Auður Björg Jónsdóttir* hefur kennt leigurétt sem stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2005 og fjöleignarhúsarétt haustið 2017 við sömu deild.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* hefur starfað við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá árinu 2017, fyrst sem sérfræðingur, en sem lektor frá árinu 2018 og sinnt þar meðal annars kennslu í sakamálaréttarfræði, fjármunarétti, fjölmiðlarétti, félagarétti og neytendarétti. Frá hausti 2019 hefur hún jafnframt sinnt kennslu í einkamálaréttarfræði. Þá hefur hún verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í fjölmiðlarétti og almennum viðskipta- og neytendarétti frá 2014. Á árunum 2015-2017 var hún einnig prófdómari og leiðbeinandi í ritgerðum við sama skóla. Þá hefur hún á árinu 2020 sinnt kennslu í neytenda-, samninga- og kauparétti í diplómanámi í viðskiptafræði og verslunarstjórnun á vegum þess skóla og Háskólans á Bifröst.

*Herdís Hallmarsdóttir* var stundakennari í alþjóðlegum einkamálarétti við Háskólann í Reykjavík á árinu 2004 og aðjúnkt við sama skóla 2005-2012.

*Ingi Tryggvason* hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* var á árunum 2013-2014 stundakennari við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands, þ. á m. í evrópskum umhverfisrétti. Frá 2014 hefur hún gegnt stöðu lektors við Háskólann á Akureyri þar sem hún kennir m.a. einkamálaréttarfræði, Evrópurétt, þjóðarétt, alþjóðlegan einkamálarétt og lögskýringar. Á árabílinu 2017-2019 annaðist hún stundakennslu við lagadeild Háskólans á Bifröst auk þess að vera þar prófdómari.

*Sigurður Jónsson* hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* hefur frá árinu 2012 kennt reglur um aðfarargerðir á námskeiðum Lögmannafélags Íslands fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt.

#### 6.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu hafa þær *Halldóra* og *Ragnheiður Elfa* algjöra sérstöðu í samanburði við aðra umsækjendur að því er varðar reynslu á því sviði sem hér um ræðir. Báðar hafa þær kennt lögfræði um árabíl á háskólastigi og gegna nú starfi lektors við héraðsháskóla. Þótt sú fyrrnefnda hafi sinnt því starfi mun skemur ber að líta til þess að hún hefur haft kennslu og rannsóknir að aðalstarfi síðustu árin, en sú síðarnefnda hefur samhliða lektorsstarfinu verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Meðal annars af þeim sökum eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra tveggja í þessum matsþætti. Næst þeim kemur *Auður Björg*, þá *Herdís* og þar á eftir *Þórhallur Haukur*. Þeir *Ingi* og *Sigurður* hafa sem fyrr segir hvorugur fengist við kennslu á háskólastigi eða önnur akademísk störf.

#### 6.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

*Auður Björg Jónsdóttir* hefur ritað tvær greinar um lögfræði og er önnur þeirra ritrýnd. Þá hefur hún tvisvar sinnum flutt erindi á Þjóðarspegli Háskóla Íslands.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* ritaði bókina „Fjölmíðlaréttur“ ásamt meðhöfundi og hefur ritið ótvírætt fræðilegt gildi. Hún samdi þrjú kafla þess þar sem m.a. er fjallað um þróun aðferðafræði í meiðyrðamálum og sjónarmið um mat á heimild til að takmarka tjáningarfrelsið. Að auki hefur hún ritað tíu ritrýndar greinar um lögfræði, þar af þrjár ásamt meðhöfundi. Jafnframt hefur hún ritað tvær óritrýndar greinar ásamt meðhöfundi. Skrif hennar eru einkum á sviði fjölmíðlaréttar, neytendaréttar og félagaréttar. Fyrir utan það hefur hún verið ritstjóri Tímarits Lögréttu frá 2018. Hún hefur flutt erindi og fyrirlestra um lögfræðileg málefni héraðs og erlendis.

*Herdís Hallmarsdóttir* tilgreinir hvorki útgefnar bækur né greinar um lögfræði í umsókn sinni.

*Ingi Tryggvason* tilgreinir hvorki útgefnar bækur né greinar um lögfræði í umsókn sinni.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* hefur ritað sex fræðigreinar um lögfræði, þar af eru þrjár ritrýndar. Skrif hennar eru einkum á sviði mannréttinda og Evrópuréttar. Þá hefur hún haft umsjón með útgáfu og þýðingu Genfarsamninganna, sem fjalla um meðferð fólks á stríðstímum, á íslensku ásamt tveimur öðrum, svo og handbók

Stjórnarráðsins um EES. Hún hefur flutt erindi og fyrirlestra um lögfræðileg málefni við ýmis tækifæri hér á landi.

*Sigurður Jónsson* tilgreinir hvorki útgefnar bækur né greinar um lögfræði í umsókn sinni.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* tilgreinir hvorki útgefnar bækur né greinar um lögfræði í umsókn sinni.

#### 6.5.2.1. *Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður*

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem eru fræðirit og greinar. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Við matið er litið til fjölda, umfangs og fjölbreytni fræðiskrifa hlutaðeigandi umsækjanda, auk þess sem horft er til þess hvort hann hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlestrum, sem umsækjendur hafa flutt, sem og ritstjórnarstörfum þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó léttvægir í samanburði við útgefið efni.

Að þessu virtu stendur *Halldóra* ótvírætt fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Næst henni kemur *Ragnheiður Elfa* og þá *Auður Björg*. Þau *Herdís, Ingi, Sigurður* og *Þórhallur Haukur* hafa sem fyrr greinir ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan þátt.

#### 6.6. *Reynsla af stjórnun*

*Auður Björg Jónsdóttir* hefur verið formaður kærunefndar húsamála frá árinu 2013. Hún sat í stjórnnum ALM verðbréfa hf. 2010-2014 og Félags kvenna í lögmennsku 2010-2013 þar sem hún gegndi formennsku síðasta árið.

*Halldóra Þorsteinsdóttir* hefur verið formaður áfrýjunarnefndar neytendamála frá árinu 2016. Hún var jafnframt varaformaður fjölmiðlanefndar 2017-2019.

*Herdís Hallmarsdóttir* átti sæti í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. á árunum 2009-2016. Þótt hún hafi ekki gegnt formennsku í slitastjórninni fylgdu setu hennar þar margvísleg stjórnunarstörf sem m.a. voru fólgin í mannaforráðum. Þá hefur hún setið í stjórn Hundaræktarfélag Íslands frá 2013 og verið formaður þess frá 2015.

*Ingi Tryggvason* var staðgengill sýslumanns í nokkra mánuði á árinu 1993 og hefur rekið eigin lögmannsstofu og fasteignasölu frá 1999. Hann var formaður

rannsóknarnefndar sjóslýsa 2000-2013, en frá þeim tíma hefur hann setið í rannsóknarnefnd samgönguslýsa og er nú varaformaður nefndarinnar. Hann hefur verið formaður yfirkjörstjórnar frá 2017. Þá hefur hann um nokkurra ára skeið verið formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Mýrasýslu og einnig formaður í stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* var yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu 1995-1998, staðgengill sendiherra í Sendiráði Íslands í Brussel 2008-2009 og formaður samningahóps um byggðamál 2009-2013. Hún hefur verið formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri 2015-2016 og aftur frá 2019. Hún hefur verið formaður úrskurðarnefndar raforkumála frá 2018. Þá hefur hún verið í stjórn Alþjóðlegu tónlistarakademíunnar í Hörpu og formaður stjórnar bókaútgáfunnar Bjarts og Veraldar frá 2013. Auk þess sat hún í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. 2015-2020.

*Sigurður Jónsson* var settur sýslumaður í Strandasýslu í einn og hálfan mánuð á árinu 1987. Hann var starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi 1988-1989 og hefur stofnað og staðið fyrir rekstri þriggja lögmannsstofa þar sem hann hefur haft mannaforráð. Hann var stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. 2001-2010 og formaður í stjórn Landssamtaka raforkubænda á Íslandi 2005-2010.

*Þórhallur Haukur Þorvaldsson* var staðgengill sýslumanns á árunum 1999-2006 og var jafnframt settur sýslumaður á Sauðárkróki og á Siglufirði 2001, á Blönduósi 2002 og í Vík í Mýrdal 2005, samtals í um þrjá mánuði. Hann var meðeigandi og framkvæmdastjóri lögmannsstofu 2010-2019, en hefur frá því í ársbyrjun 2019 rekið eigin stofu. Þá hefur hann setið í stjórnnum nokkurra íþróttafélaga og deilda innan þeirra, þar af verið varaformaður knattspyrnudeildar UMF Hvatar 2001-2002 og varaformaður stjórnar knattspyrnufélagsins Þróttar í Reykjavík 2009-2011.

#### *6.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum, sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd, enda hafi það verið tekið fram í umsóknum þeirra. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þeir hafa sinnt þeim störfum.



Að því virtu telst *Ingi* standa fremstur umsækjenda í þessum matsþætti. Næstur honum kemur *Sigurður*, þá *Þórhallur Haukur*, síðan *Ragnheiður Elfa* og á eftir henni *Herdís*. *Reynsla Auðar Bjargar* er minni á þessu sviði en áður nefndra umsækjenda og *Halldóru* sýnu minnst.

#### 6.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Að áliti dómnefndar er önnur starfsreynsla umsækjenda en sú, sem gerð hefur verið grein fyrir í köflum 6.1. – 6.6., ekki þess eðlis að hún hafi þýðingu við mat á hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara, ef frá eru talin atriði sem hafa áhrif á sérstaka starfshæfni þeirra og fjallað verður um í kafla 6.9. hér á eftir.

#### 6.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrirverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjendanna sjö og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendurnir sjö uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010.

#### 6.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

##### 6.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa allir umsækjendurnir sjö greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á sviði réttarfars.

Það er álit dómnefndar að allir umsækjendurnir sjö hafi með störfum sínum öðlast gott vald á réttarfarsreglum. Að því sögðu er það niðurstaða nefndarinnar að *Halldóra* og *Ingi* standi öðrum umsækjendum frammar í þessum þætti hæfnismats. Þannig hefur *Halldóra* skrifað nokkrar fræðigreinar um afmörkuð svið réttarfars og annast kennslu í einkamála- og sakamálaréttarfari á háskólastigi auk reynslu af því að flytja mál fyrir héraðsdómi og vera aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Eins og áður greinir er *Ingi* sá eini af umsækjendum, sem gegnt hefur starfi héraðsdómara, fyrir utan að hafa áratugalanga reynslu af málflutningi í héraði og fyrir æðra dómi. Næstur þeim tveimur kemur *Þórhallur Haukur*, sem á að baki langa reynslu af flutningi mála á öllum dómstigum, auk þess sem hann hefur stundað framhaldsnám í réttarfari erlendis og kennt aðfarargerðir á námskeiðum fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt. Þau *Auður Björg*, *Herdís*, *Ragnheiður Elfa* og *Sigurður* fylgja þar á eftir og verður ekki gert upp á milli hæfni þeirra að þessu leyti þar sem *Ragnheiður Elfa* hefur kennt einkamálaréttarfar á háskólastigi þótt málflutningsreynsla hennar sé takmörkuð við flutning mála fyrir héraðsdómi.

6.9.2. *Að umsækjandi geti farið að fyrir mælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu*

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrir mælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum greinargerðum og stjórnarsýsluúrskurðum hans má m.a. ráða hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjenda á þessu sviði, ýmist á grundvelli greinargerða, sem þeir hafa ritað í málum er nýlega hafa verið flutt fyrir Hæstarétti, eða með því að skoða stjórnarsýsluúrskurði eða eftir atvikum álit úrskurðarnefnda innan stjórnarsýslunnar sem þeir hafa komið að. Ekki hefur þá aðeins verið horft til þeirra framlaga, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010. Jafnframt hefur verið höfð hliðsjón af fræðiritum umsækjenda og greinum þeirra um lögfræðileg efni.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Halldóra Þorsteinsdóttir* og *Ingi Tryggvason* hafi sýnt að þau séu færust umsækjendanna sjö til að semja dóma. Er þá annars vegar horft til nýlegra úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála, sem Halldóra hefur samið drög að, og viðamikilla fræðiskrifa hennar, en af þessu hvoru tveggja verður ráðið að hún eigi auðvelt með að færa viðhlítandi rök fyrir úrlausn lögfræðilegra álitaefna. Hins vegar er litið til nýlegra greinargerða Inga, sem lagðar hafa verið fram í málum er hann hefur flutt sem lögmaður fyrir Hæstarétti, en af þeim

og störfum hans sem setts héraðsdómara á árum áður verður dregin sú ályktun að hann eigi auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum og semja dóma jafnt í einkamálum sem sakamálum. Hinir umsækjendurnir fimm standa þeim Halldóru og Inga að baki að þessu leyti eins og ráðið verður af þeim framlögum þeirra sem sérstaklega hafa verið tekin til skoðunar.

*6.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi*

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þeirra, svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendurna sjö, lítur nefndin svo á að þeir séu allir hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

## **7. Niðurstaða dómnefndar**

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda, tveir eða fleiri, séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara sem hér er fjallað um. Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi,

Þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 6.1. – 6.8 og 6.9.1, þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnarsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, er það niðurstaða dómnefndar að þeir sjö umsækjendur, sem þar er fjallað um, hafi öll öðlast þá lögfræðipækkingu, sem gera verður kröfu um að héraðsdómari hafi til að bera, og séu vel hæf til að gegna því embætti. Séu umræddir matsþættir virtir í heild er það álit nefndarinnar að *Ingi Tryggvason* standi fremstur umsækjenda í þeim matshluta. Á eftir honum koma í þessari röð: *Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir*, *Halldóra Þorsteinsdóttir* og *Sigurður Jónsson*, en munurinn á milli þeirra fjögurra er ekki svo afgerandi að hann ráði úrslitum um mat á hæfni þeirra, einn og sér.

Vegna þess að svo háttar til skiptir enn meira máli en ella hver er færni umsækjenda til að nýta þá lögfræðipækkingu, sem þau búa yfir, við að leysa úr dómsmálum á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður greinir er það mat dómnefndar, sbr. kafla 5.9.2., að *Halldóra* og *Ingi* standi fremst umsækjenda í þeim matshluta og eru ekki efni til að gera upp á milli færni þeirra til að semja dóma.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða dómnefndar að *Ingi Tryggvason* sé hæfastur umsækjenda til að gegna embætti héraðsdómara. Hann hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður í rúma tvo áratugi. Áður hafði hann m.a. verið fulltrúi héraðsdómara um fjögurra ára skeið og á þeim tíma verið settur dómari nokkrum sinnum, en samhliða lögmannsstörfunum hefur hann verið meðdómandi í héraði í nokkrum fjölda mála. Að auki hefur hann fengist við margvísleg stjórnarsýslustörf, þ. á m. verið um langt árabil formaður rannsóknarnefndar sjóslýsa og er nú varaformaður í rannsóknarnefnd samgönguslýsa. Ennfremur hefur hann sýnt í störfum sínum, fyrst og fremst sem lögmaður, að hann hefur gott vald á einkamála- og sakamálaréttarfari og á auðvelt með að greina og þar með leysa úr lögfræðilegum ágreiningsefnum á skýran og rökstuddan hátt.

Næst Inga, að því er varðar hæfni til að gegna embætti héraðsdómara, kemur að áliti dómnefndar *Halldóra Þorsteinsdóttir*. Hún hefur verið lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík um þriggja ára skeið og annast kennslu í ýmsum greinum lögfræði á háskólastigi í um sex ár. Hún hefur ásamt öðrum samið fræðirit á sviði lögfræði og fjölda fræðigreina um lögfræðileg efni. Hún starfaði áður sem lögmaður og var aðstoðarmaður hæstaréttardómara um skeið. Þá hefur hún sinnt ýmsum störfum innan stjórnslunnar, m.a. átt sæti í áfrýjunarnefnd neytendamála og er nú formaður hennar. Síðast en ekki síst hefur hún sýnt með störfum sínum og fræðiskrifum að hún á auðvelt með að færa viðhlítandi rök fyrir úrlausn lögfræðilegra álitaefna og þar með leysa úr ágreiningsmálum fyrir dómi.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Ingi Tryggvason sé hæfastur umsækjenda og Halldóra Þorsteinsdóttir næst hæfast þeirra til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara með starfsstöð við Héraðsdóm Reykjaness sem auglýst voru laus til umsóknar 24. apríl og 29. maí 2020.

Reykjavík, 20. júlí 2020




Eiríkur Tómasson



Kristín Benediktsdóttir

Kristín Benediktsdóttir



Óskar Sigurðsson

Óskar Sigurðsson



Ragnheiður Harðardóttir

Ragnheiður Harðardóttir



Sigríður Þorgeirsdóttir

Sigríður Þorgeirsdóttir

